

**Fundinn sátu:**

Steinn Jóhannsson, Helga Jóhannsdóttir(ritari) og Halldóra Björt Ewen (fulltrúi kennara, hennar síðasti fundur). Unnur Lilja Hermannsdóttir(formaður), Nína María Morávek (foreldraráð), Margrét M. Norðdahl, Ragnar Guðmundsson, Ásdís Þórólfsdóttir (fulltrúi kennara) og Elva María Birgisdóttir nýr forseti NFMH

**Forföll:** Karl Sigurðsson og Hildur Sverrisdóttir

**Fundarefni:**

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Uppgjör skólaársins
3. Niðurstaða jafnlaunavottunar 2020 kynnt.
4. Um stefnur og áætlanir í skólastarfinu
5. Önnur mál
6. Gengið um húsið og Auga Ólafar Nordal sýnt sem og vegglistaverk eftir nemendur.

**1. Kynningar**

Elva María nýr forseti nemendafélagsins var boðin velkomin á sinn fyrsta fund og fékk stutta kynningu á skólanefndarfólkinu.

**2. Uppgjör skólaársins 2021**

Rúmlega 1000 nemendur voru í MH á vorönn og tæplega 200 nemendur útskrifuðust í vor. Tæplega helmingur nýstúdenta var að ljúka námi á þremur árum. Tveir kennarar í erlendum tungumálum létu af störfum í vor og þar sem kennslan hefur minnkað í viðkomandi greinum þá þarf ekki að ráða nýja kennara inn. Einn kennari og einn náms- og starfsráðgjafi koma úr námsleyfi í haust og IB-stallari fer í námsleyfi í staðinn.

Ýmsar takmarkanir voru í vetur á félagslífi NFMH en útgáfustarfsemi nemenda hefur blómstrað og í dag er hátíð hjá nemendum MH í Norðurkjallara þar sem Beneventum er að koma út. Fyrir skömmu var Skaramúss gefin út og einnig ljóðabókin Valentínus getur lamið fast.

Heilt yfir gekk skólastarfið vel þrátt fyrir miklar takmarkanir á köflum. Nemendur, kennarar og starfsfólk stóðu sig ótrúlega vel og kærkomið að fara í sumarfrí eftir krefjandi vetur.

**3. Launagreining og viðhaldsúttekt á jafnlaunavottun**

MH fékk jafnlaunavottun 2020 og var launagreining númer tvö gerð fyrir árið 2020, af Félagsvísindastofnun. Óútskýrður launamunur er 0,6% á launum karla og kvenna sem er vel innan marka markmiða sem finna má í jafnréttisáætluninni. Þar er markmiðið að útrýma óútskýrðum launamun umfram 1,5%. Innri úttektaraðili, sem er stór þáttur í verkferlum jafnlaunavottunar, er starfandi kennari í MH.

**4. Um stefnur og áætlanir í skólastarfinu**

- Sveigjanleiki í skólastarfi ræddur út frá opinberri umræðu sem hefur átt sér stað. Sveigjanleiki í skólastarfi MH meiri en þar hefur verið gefið upp og metnaður til að mæta þörfum nemenda.
- Umræða um mætingu og mætingarreglur.
- Stjórnendum bent á að skoða verklagsreglur og [viðbrögð HÍ](#) við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi. Áætlun MH var endurskoðuð fyrir tveimur árum og samþykkt af Jafnréttisstofu. Núna liggur ný áætlun fyrir til samþykktar hjá Jafnréttisstofu.
- Mikil og góð umræða um kynjafræði og stöðu hennar í námi nemenda.

**5. Önnur mál**

- MH er í ferli að taka Græn skref og þar þarf að skoða ýmislegt. Skólinn er kominn með fyrsta skrefið og vinnur í næstu tveimur.
- Rætt um hvað við getum bætt og tekið með okkur eftir Covid-19. Ýmislegt breyst og margt gott sem má yfirfæra á venjulegt skólaár. Menning sem hefur myndast og ýmislegt sem við þurfum að skoða og læra af vegna Covid.

**6. Gengið um húsið og Auga Ólafar Nordal sýnt sem og vegglistaverk eftir nemendur.**

Lagt til að næsti fundur verði miðvikudaginn 29. september 2021

Ritari: Helga Jóhannsdóttir